



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1488**  
**komudagur 11.2.2013**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 8. febrúar 2013  
Tilv.: 1301068

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd (heildarlög), 429. mál.**

Eftirfarandi er umsögn Háskólans á Akureyri (HA) gerð af Oddi Vilhelmssyni prófessor og Edward H. Huijbens dósent.

Frumvarpið er víðtækt og kemur inn á mörg atriði er varða fræðasvið Háskólans á Akureyri. Almenn séð er frumvarpið vel unnið og ítarlega, en HA telur þó ástæðu til að staldra við nokkur atriði, sem tíunduð eru í eftirfarandi athugasemdum:

25. gr.

HA fagnar áformum um að færa Umhverfisstofnun það vald að takmarka umferð ferðafólks ef náttúru stafar hætta af. Útfæra þarf vandlega í reglugerð hvaða matsþættir liggja til grundvallar slíkum aðgerðum þannig að aðilar sem vilja þjónusta ferðafólkið sitji við sama borð. Einnig vill HA leggja áherslu á að svæðisskipulagi ferðamennsku fyrir landið allt verði komið á fót þar sem tilgreint verði hverskonar ferðamennska skuli eiga sér hvaða stað. Skemmdir á náttúru geta stafað af skorti á innviðum og móttökuskilyrðum fyrir ferðafólk, en uppbygging slíkra innviða breytir hinsvegar ásynd og upplifun af þeim stöðum þar sem byggt er. Huga þarf því vandlega að því hvar skal byggja og hvar mögulega ekki. Umsýsluáætlun sem nefnd er í 81. grein ætti að taka mið af slíku svæðaskipulagi og þannig er ekki víst að allsstaðar skuli eða eigi að tryggja öllum aðgengi.

63. gr.

HA bendir á að bæta þarf við undanþáguákvæðum varðandi innflutning lífvera í rannsóknaskyni eða skýra orðalag þannig að ljóst sé að lögin taki ekki til lífvera til nota á rannsóknastofum. Mikilvægt er að lögin hamli ekki rannsóknastarfi í líf- og heilbrigðisvísindum sem krefjast innflutnings á örverum, frumum og tilraunadýrum. Skv. skilgreiningu á framandi lífveru í 5. gr. er með framandi lífveru m.a. átt við "lífhluta, kynfrumur" o.fl. Það er því ljóst örveru- og frumuræktir myndu falla undir þá skilgreiningu.

64. gr.

HA bendir á, að skv. frumvarpinu þyrfti Umhverfisstofnun að veita leyfi fyrir dreifingu örvera, til dæmis til jarðvegsbætingar eða lífhreinsunar (*bioremediation*) á úrgangi eða spilliefnum í jarðvegi eða vatni. Það má vissulega vera að það væri eðlilegt fyrirkomulag, enda geta örverur verið framandi lífverur, en það er þá rétt að Umhverfisstofnun sé undir það búin að sinna slíku hlutverki. Annar möguleiki væri að undanskilja örverur úr lögum þessum og fela heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna að hafa umsjón með losun örvera út í umhverfið. Ath. að 66. gr. leysir aðeins úr þessu að hluta, en örverur sem hvorki eru erfðabreyttar né sýklar eru ekki undanskyidar skv. þeirri grein.



91. gr.

HA vill benda á að hugmyndir um gjaldtöku á áfangastöðum eða náttúruverndarsvæðum eins og hún er útfærð í 91. gr. eru varhugaverðar að því leyti að hún getur latt náttúruvernd og skipulag. Leggja þarf áherslu á skipulag móttöku og uppbyggingu áður en skaði verður og ef heimild er fyrir gjaldtöku þegar og ef skaði er orðinn, þá gæti það latt fólk til forvirkra aðgerða.

Úr greinargerð:

HA fagnar mjög að styrkja beri almennarétt í aðgengi, en áréttar þörfina á heildarskipulagi ferðamennsku á Íslandi, sem byggir á úttekt á auðlindum feðraþjónustu og vætningum heimafólks til þeirra.

HA vill leggja áherslu á nánari útfærslu á aðkomu framkvæmdasjóðs ferðamannastaða að lögum þessum, þá sérstaklega í samhegni þess sem að ofan er áréttað.

Fyrir hönd Háskólans á Akureyri,

Stefán B. Sigurðsson, rektor.